

Minnisblað

Minnisblað um stöðu vegáætlunar fyrir árið 2023



Umhverfis- og samgöngunefnd óskaði eftir minnisblaði frá Vegagerðinni um stöðu vegáætlunar fyrir árið 2023 og yfirlit um framkvæmdaáætlun fyrir árið 2023 ásamt sundurliðun um þau verkefni sem eru undir safnliðum samgönguáætlunar, þ.m.t. tengivegir.

Samgönguáætlun 2020-2024

Síða 1/8

Þingsályktun um breytingu á fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024 var samþykkt á Alþingi 31. maí 2021. Á sama tíma var einnig samþykkt fjármálaáætlun fyrir árin 2022-2026.

Eins og kemur fram í þingsályktun um breytingar á fimm ára samgönguáætlun þá er í áætluninni stillt upp töflu fyrir nýframkvæmdir sem eru ófjármagnaðar um 1.500 m.kr. á ári miðað við fjármálaáætlun. Þetta á við um árin 2022, 2023 og 2024.

Fjárlög ársins 2022 gerðu því ráð fyrir 1.500 m.kr. misræmi milli fjárveitinga til framkvæmda á vegakerfinu miðað við samþykktu samgönguáætlun 2020-2024.

Frekari breytingar urðu í tengslum við fjárlagagerð 2023. Í fjárlögum 2023 er gert ráð fyrir 23.120 m.kr. í framkvæmdir á vegakerfinu samanborið við 26.246 m.kr. í samgönguáætlun 2020-2024. Misræmið er því 3.126 m.kr.

Kostnaðaráætlanir í samgönguáætlun 2020-2024 eru settar fram á verðlagi í október 2019 miðað við vísitölu áætlana 17.200. Vísitala áætlana í apríl 2023 er 23.370 og hefur því hækkað um 35,9%.

Vegagerðin upplýsti umhverfis- og samgöngunefnd í júní 2022 að til að bregðast við misræmi fjármálaáætlunar 2022-2026 og samgönguáætlunar 2020-2024 væri gert ráð fyrir að seinka upphafi framkvæmda við næsta áfanga í breikkun Suðurlandsvegur frá Fossvöllum og að Hólmsá. Fyrsti hluti þessa verks var boðinn út sumarið 2021 og lauk framkvæmdum að mestu árið 2022. Einnig þarf að seinka upphafi framkvæma við kaflann milli Hólmsár og Norðlingaváðs.

Jafnframt hófust ekki framkvæmdir við nýjan Axarveg á grundvelli samvinnuverkefna en gert hafði verið ráð fyrir 800 m.kr. til ráðstöfunar við Axarveg árið 2022.

Vegagerðin
Guðmundur Valur
Guðmundsson
Valtýr Þórisson

Samkvæmt fjárlögum er gert ráð fyrir 23.120 m.kr. í framkvæmdir á vegakerfinu sem skiptist þannig:

- Viðhald (í samræmi við SGÁ)	10.500 m.kr
- Undirbúningur og hönnun verkefna utan áætlunar	250 m.kr
- Nýframkvæmdir, almenn verkefni	9.180 m.kr
- Sameiginlegir sjóðir (í samræmi við SGÁ)	3.190 m.kr

Breytingin frá samþykktri samgönguáætlun 2020-2024 er því sú að í stað 12.300 m.kr í nýframkvæmdir þá eru til ráðstöfunar 9.180 m.kr. sem gert er ráð fyrir að skiptist í samræmi við töflu 1.

Tafla 1: Breyting á fjárveitingu frá gildandi SGÁ

Vegheiti	Kaflaheiti	2022 [m.kr]	Áætlun 2023 [m.kr]	SGÁ 2023 [m.kr]	Mismunur [m.kr]
Hringvegur	Um Mýrdal		20	20	0
Hringvegur	Um Ölfusá		150	0	+150
Hringvegur	Biskupstungnabraut- Varmá		1.810	800	+1.010
Hringvegur	Varmá-Kambar			1.200	-1.200
Hringvegur	Fossvellir-Hólmsá	-770	0	0	0
Hringvegur	Hólmsá-Norðlingavað	-500	0	970	-970
Hringvegur	Um Kjalarnes		1.000	1.560	-560
Reykjanesbraut	Krýsuvíkurv.-Hvassahr.		220	950	-730
Sundabraut			100	0	+100
Snæfellsnesvegur	Um Skógarströnd		540	0	+540
Vestfjarðavegur	Um Gufudalssveit		1.600	1.500	+100
Vestfjarðavegur	Um Dynjandisheiði		1.850	1.400	+450
Hringvegur	Um Skjálfafljót		0	720	-720
Þverárfjallsvegur og Skagastrandar- vegur	Um Refasveit og Laxá		730	280	+450
Norðausturvegur	Um Brekknaheiði		0	200	-200
Norðausturvegur	Um Köldukvíslargil		0	200	-200
Hringvegur	Um Hornafjarðarfljót		1.160	700	+460
Axarvegur	Um Öxi	-230	0	800	-800
Seyðisfjarðarvegur	Fjarðarheiðargöng		0	1.000	-1.000
		-1.500	9.180	12.300	-3.120

Árið 2022 voru til ráðstöfunar alls 30.528 m.kr. til nýframkvæmda og viðhalds að teknu tilliti til inneignar frá fyrra ári. Heildarkostnaður ársins 2022 var 31.100 m.kr. og var því ráðstöfun umfram fjárveitingar á árinu 2022 alls 600 m.kr. samanborið við 4.183 m.kr. inneign um áramótin 2021/22.

Gerð var grein fyrir stöðu verkefna á árinu 2022 fyrir fjárlaganefnd Alþingis í janúar 2023 og fylgir það minnisblað einnig með hér.

Í fjárlögum 2023 er gert ráð fyrir 23.120 m.kr. til framkvæmda á vegakerfinu, að teknu tilliti til halla frá fyrra ári eru því um 22.500 m.kr. til ráðstöfunar.

Í tengslum við undirbúning samgönguáætlunar 2024-2038 hafa kostnaðaráætlanir allra verkefna verið endurmetnar með tilliti til verðlags og stöðu framkvæmda á hverjum stað.

Vegagerðin hefur gert tillögu að nýrri framkvæmdaáætlun fyrir árið 2023 sem miðar að því að ljúka þeim verkefnum sem komin eru af stað til framkvæmda ásamt því að framlag til bundins slitlags á tengivegi er áfram 1.956 m.kr., m.a. í samræmi við áherslur stjórnarsáttmála.

Í töflu 1 hér að ofan má sjá hvaða breytingar eru á fjármagni til verkefna miðað við samþykktu samgönguáætlun 2020-2024.

Hér verður gerð grein fyrir stöðu einstakra verkefna sem eru á framkvæmdaáætlun fyrir árið 2023.

Hringvegur um Núpsvötn

Verkið var boðið út í júní 2021, brúargerð lauk árið 2022 og gert ráð fyrir að vegtengingum ljúki í byrjun sumars 2023.

Hringvegur um Mýrdal

Unnið hefur verið að forhönnun valkosta og rannsóknarholur hafa verið boraðar í Reynisfjalli til að kanna jarðfræðiaðstæður vegna jarðganga. Framkvæmdin er í matsferli vegna umhverfisáhrifa. Skipulagsstofnun samþykkt tillögu að matsáætlun með skilyrðum í apríl 2022. Gert er ráð fyrir að matsskýrslu verði skilað til Skipulagsstofnunar í júní 2023.

Hringvegur um Ölfusá

Verkefnið er unnið sem samvinnuverkefni þar sem gert er ráð fyrir að fjármagna framkvæmdina með gjaldtöku. Í fjárlögum 2023 kemur fram að til að bygging Ölfusárbrúar geti hafist árið 2024 og opnað 2026 er gert ráð fyrir allt að 500 m.kr. verði varið til undirbúnings á árinu 2023. Í tillögu að fjármálaáætlun 2024-2028 sem lögð var fyrir Alþingi í apríl 2023 kemur fram að fjármögnun framkvæmdarinnar geti lotið sérstakri verkefnafjármögnun væri hægt að mæta með sérstakri tekjuöflun, s.s. veggjöldum, sem útfærð verði í samvinnu innviðaráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis en verkefnastofa um gjaldtöku á vegum ráðuneytanna hóf störf fyrir á þessu ári.

Útboðsferli vegna byggingar Ölfusárbrúar hófst í febrúar 2023 og gera áætlanir ráð fyrir að verksamningur geti verið kominn á í lok árs 2023. Framkvæmdir gætu þá hafist 2024 og lokið 2026-2027.

Hringvegur, Biskupstungnabraut-Varmá

Framkvæmdir við annan áfanga breikkunar Hringvegjar milli Hveragerðis og Selfoss hófust vorið 2020. Lengd kaflans er 7,1 km og eru verklok samkvæmt verksamningi í september 2023. Verkefnið hefur þó unnist hraðar og er nýr Hringvegur formlega tekinn í notkun 25. maí 2023.

Hringvegur, Varmá - Kambar

Næsti áfangi við breikkun Hringvegjar var fyrirhugaður með færslu Hringvegjar til suðurs frá Hveragerði með aðskilnaði akstursstefna. Undirbúningi þeirra framkvæmda er lokið og útboðsgögn tilbúin. Nauðsynlegt er að seinka þessum áfanga frá samþykktri samgönguáætlun en nýta fjármagnið við kaflann frá Biskupstungnabraut -Varmá sem fjallað er um hér að ofan. Tímasetning þessa áfanga ræðst af nýrri samgönguáætlun.

Skeiða- og Hrunamannavegur um Stóru Laxá

Verkið var boðið út í ágúst 2021 og áætluð verklok eru í byrjun sumars 2023.

Hringvegur, Fossvellir-Hólmsá

Fyrri hluti verksins var boðinn út sumarið 2021 og eru áætluð verklok á árinu 2022. Hluti verksins með gerð vegamóta við Geirland eru ráðgerðar á árinu 2023. Tímasetning frekari framkvæmda er háð nýrri samgönguáætlun 2024-2038.

Hringvegur, Hólmsá-Norðlingavað

Eins og fram kemur hér að ofan þarf að seinka upphafi þessarar framkvæmdar. Tímasetning frekari framkvæmda er háð nýrri samgönguáætlun 2024-2038.

Umhverfismati framkvæmdarinnar lauk árið 2022 og unnið er að hönnun verksins.

Hringvegur um Kjalarnes

Fyrri áfangi verksins var boðinn út sumarið 2020 og áætluð verklok eru á árinu 2023. Síðari hluti verksins er mögulegt að bjóða út seint á árinu 2023 með það að markmiði að sá hluti komi til framkvæmda 2024-2026 í samræmi við tillögur að nýrri samgönguáætlun.

Reykjanesbraut, Krýsuvíkurvegur-Hvassahraun

Á árunum 2020-2022 var unnið að for- og verkhönnun þessarar framkvæmdar. Framkvæmdir voru boðnar út í febrúar 2023 og verksamningur undirritaður í maí 2023. Áætluð verklok eru í júní 2026.

Snæfellsnesvegur um Skógarströnd, ýmsir staðir

Um er að ræða 5,4 km langan veg ásamt tveimur nýjum brúm yfir Skraumu og Dunká. Verkið var boðið út sumarið 2021 og eru áætluð verklok sumarið 2023.

Vestfjarðavegur um Gufudalssveit

Verkinu er skipt í sex áfanga og hafa fjórir þeirra verði boðnir út og framkvæmdum við einn áfanga er lokið. Stefnt er að útboði á næsta áfanga sumarið 2023 og að öllu verkinu ljúki árið 2026.

Vestfjarðavegur um Dynjandisheiði

Verkinu er skipt í þrjá áfanga. Framkvæmdir við fyrsta áfanga stóðu yfir á árunum 2020-2022. Annar áfangi var boðinn út í júní 2022 og eru áætluð verklok fyrir þann áfanga sumarið 2024. Reiknað er með að framkvæmdir við síðasta áfangann hefjist á árinu 2024 og að þeim ljúki á árinu 2026.

Hringvegur um Skjálfandafljót

Ný brú á Skjálfandafljót við Fosshól í stað einbreiðrar brúar. Undanfarið hefur verið unnið að for- og verkhönnun og verkið er tilbúið til útboðs. Í nýrri samgönguáætlun er lagt til að seinka þessu verkefni sem skýrist m.a. af ástandi brúar á Skjálfandafljót á Norðausturvegi sem tillaga er um á nýrri samgönguáætlun 2024-2038.

Þverárfjallsvegur um Refasveit og Skagastrandarvegur um Laxá

Verkið var boðið út sumarið 2021 og áætluð verklok eru á árinu 2023.

Norðausturvegur um Köldukvíslargil

Endurnýjun brúar á Köldukvíslargil var ráðgerð 2023-2024 í samræmi við fjárfestingaáttak. Upphaflegar áætlanir höfðu gert ráð fyrir að byggður yrði stokkur í gilinu með vegfyllingu. Niðurstöður forhönnunar og rannsókna sýndu fram á að sú leið væri ekki hagkvæm og því er gert ráð fyrir að nýja brú þurfi á Köldukvíslargil og vekrefnið því nokkuð umfangsmeira en áður hafði verið gert ráð fyrir. Verkefnið kemst því ekki til framkvæmda á 2023-2024 en tímasetning ræðst af gerð nýrrar samgönguáætlunar 2024-2038. Um er að ræða einu einbreiðu brúna á vegkaflanum á Norðausturvegi frá Húsavík að Jökulsá í Öxarfirði.

Norðausturvegur um Brekknaheiði

Gert var ráð fyrir upphafi framkvæmda við Norðausturveg um Brekknaheiði á árinu 2023. Unnið hefur verið að hönnun og undirbúningi verksins og má búast við að framkvæmdir geti hafist á árinu 2024 í samræmi við tillögur að nýrri samgönguáætlun 2024-2038.

Hringvegur um Hornafjarðarfljót

Verkefnið er unnið á grundvelli laga um samvinnuverkefni. Árið 2021 var boðin út framkvæmd og fjármögnun. 2 tilboð bárust í febrúar 2022 en tilboð í langtímafjármögnun voru óhagstæð. Verkefnið var því boðið út að nýju sem

framkvæmd og framkvæmdafjármögnun og voru tilboð opnuð í maí 2022. Framkvæmdir hófust haustið 2022 og áætluð verklok eru haustið 2025.

Axarvegur um Öxi

Þetta verkefni er unnið sem samvinnuverkefni. Stefnt var að því að bjóða út hönnun og framkvæmd ásamt framkvæmdafjármögnun sumarið 2022. Því var frestað vegna óvissu um fjármögnun á heildarverkefninu. Verkefnastofa um gjaldtöku á vegakerfinu vinnur að útfærslum á gjaldtöku. Unnið hefur verið að verkhönnun og samningum við landeigendur. Áætlanir gera ráð fyrir um 3ja ára verktíma en tímasetning upphafs framkvæmda ræðst af samgönguáætlun.

Fjarðarheiðargöng

Fjarðarheiðargöng eru á lokastigi hönnunar, umhverfismati framkvæmdarinnar lauk í desember 2022 og unnið er að breytingum á skipulagsáætlunum sveitarfélagsins Múlaþings á árinu 2023. Unnið er að undirbúningi útboðs vegna verkframkvæmda.

Áætlaður framkvæmdatími vegna 13,3 km langra jarðganga er 6 -7 ár og er áætlaður heildarkostnaður við gerð Fjarðarheiðarganga um 46,5 ma.kr. Þar af eru rúmir 5 ma.kr vegna vega- og brúagerðar utan ganga.

Staða sameiginlegra verkefnaflokka á vegáætlun 2023

Varðandi sameiginlegu liðina má almennt segja að gert er ráð fyrir því að þær fjárveitingar verði fullnýttar. Eftirfarandi er stutt lýsing á einstökum liðum.

1. Tengivegir (bundið slitlag)

Fjárveiting er 1.956m.kr. og er gert ráð fyrir að hún verði fullnýtt. Helstu verkefni sem unnið er að á árinu eru sýnd í eftirfarandi töflu og má sjá nánar í vegasjá á vef Vegagerðarinnar ef kveikt er á þekju fyrir framkvæmdir:

www.vegasia.vegagerdin.is

Vegheiti	Vegnúmer	Kaflaheiti	Lengd [km]
Skaftártunguvegur	208	Hlíð-Gröf	3,0
Árbæjarvegur	271	Árbakki – Bjallavegur	5,0
Langholtsvegur	341	Frá slitlagsenda að Auðholtsvegi	1,7
Hrunavegur	344	Hrunamannavegur-Kaldbaksvegur	3,6
Búrfellsvegur	351	Milli slitlagsenda	4,3
Hafravatnsvegur	431	Frá Nesjavallaleið	4,0
Þverárhliðarvegur	522	Gunnlaugsst.-Sigmundastaðir	8,3
Álftaneshreppsvegur	533	Snæfellsnesv. - Leirulækur	8,3
Klofningsvegur	590	Vestfjarðavegur-Hafnará	9,0
Steinadalsvegur	690	Vestfjarðavegur-Ólafsdalur	7,0
Hraunhreppsvegur	540	Snæfellsnesvegur-Fíflholt	0,5
Laxárdalsvegur	59	Sýslumörk-Innstrandavegur	7,5
Vatnsnesvegur	711	Kárastaðir-Skarð	7,1
Vatnsnesvegur	711	Þorfinnsstaðir-Vesturhópshólaá	3,0
Skógarbaðavegur	8499		0,1
Reykjastrandarvegur	748	Þverárfjallsvegur-Fagranes	5,5
Skarðsvegur	793	Að skíðasvæði	1,2
Jökuldalsvegur	923	Arnórsstaðir-Hákonarstaðir	9,1
Upphéraðsvegur	931	Um Ásklif	3,7
Hafnarhólmsvegur	947	Borgarfj.- Hafnarhólmi	4,8

Síða 7/8

Vegagerðin

2. Breikkun brúa

Fjárveiting er 500 m.kr. og er gert ráð fyrir að hún verði fullnýtt til byggingar nýrra brúa á Vestfjarðavegi á Skálmardalsá og Fjarðarhornsa á árunum 2023 og 2024.

3. Hjóla- og göngustígar

Fjárveiting er 150 m.kr. Gert er ráð fyrir að fjárhæðin verði fullnýtt. Verkefni sem unnið er að á árinu eru í eftirfarandi sveitarfélögum: Rangárþingi eystra,

Rangárþingi ytra, Árborg, Reykjanesbæ, Akureyrarbæ, Svalbarðsstrandarhreppi, Þingeyjarsveit og Múlaþingi.

4. Héraðsvegir

Fjárveiting er 110 m.kr. sem gert er ráð fyrir að verði fullnýtt. Verkefni ársins ráðast af þeim umsóknum sem berast um nýja héraðsvegi.

5. Landsvegir utan stofnvegakerfis

Fjárveiting er 160 m.kr. Reiknað er með að fjárhæðin verði fullnýtt á árinu.

6. Styrkvegir

Fjárveiting er 100 m.kr. Reiknað er með að fjárhæðin verði fullnýtt á árinu.

7. Reiðvegir

Fjárveiting er 75 m.kr. Þessu hefur verið úthlutað til hestamannafélaga og í ákveðnar ferðaleiðir samkvæmt tillögu frá Landssambandi hestamannafélaga.

8. Smábrýr

Fjárveiting er 50 m.kr. sem reiknað er með að verði að fullnýtt. Í flestum tilfellum snýst þetta um að skipta út smábrúm fyrir ræsi þar sem því verður við komið.

9. Girðingar

Fjárveiting er 60 m.kr. Þessu verður varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum og reglugerðum um girðingar. Reiknað er með að fjárveiting verði fullnýtt á árinu.

10. Sameiginlegur jarðgangakostnaður

Fjárveiting er 10 m.kr. sem reiknað er með að verði fullnýtt vegna undirbúningsvinnu við ýmis jarðgöng.

11. Samgöngurannsóknir

Fjárveiting er 20 m.kr. sem reiknað með að hún verði fullnýtt. Helstu verkefni ársins eru:

- Umhverfismat samgönguáætlunar
- Jarðgöng: Mat á arðsemi, umferðaröryggi, tengingu svæða og byggðapróun